

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir IMMI, alþjóðlega stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi.

#### 1. gr.

##### *Heiti.*

Stofnuð hefur verið sjálfseignarstofnun sem heitir IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

#### 2. gr.

##### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er í sveitarfélaginu Reykjavíkurborg.

#### 3. gr.

##### *Markmið.*

Markmið stofnunarinnar er að styðja upplýsinga- og tjáningarfrelsi og vinna að alþjóðlegri kynningu og útfærslu löggjafar á því sviði. Ráðstafa skal fjármunum stofnunarinnar til verkefna sem stuðla að markmiðum þessum.

#### 4. gr.

##### *Stofnandi.*

Stofnandi stofnunarinnar er Félag um stafrænt frelsi á Íslandi, kt. 470308-1170.

#### 5. gr.

##### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000 sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

#### 6. gr.

##### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfaramandi stjórn, við lok kjörtímabils, kjósa nýja stjórn.

Við val á stjórnarmönnum skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé ávallt í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

#### 7. gr.

##### *Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfundar. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

#### 8. gr.

##### *Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar umbeðnar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsár.*

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting samþykktá, slit og sameining.*

Til að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíka ákvörðun skal bera skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið í samræmi við tilgreind markmið í 3. gr. eða skyld markmið.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 31. janúar 2011.*

**Ríkarður Másson.**

\_\_\_\_\_  
*Björn Ingi Óskarsson.*